

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

ROMVIMZA 14 mg hörð hylki
ROMVIMZA 20 mg hörð hylki
ROMVIMZA 30 mg hörð hylki

2. INNIHALDSLÝSING

ROMVIMZA 14 mg hörð hylki

Hvert hart hylki inniheldur 14 mg af vimseltinibi (sem tvíhýdrat).

Hjálparefni með þekkta verkun

Hvert hart hylki inniheldur 121,32 mg af laktósaeinhýdrati og 0,0855 mg af azólitarefninu sólsetursgult (E 110).

ROMVIMZA 20 mg hörð hylki

Hvert hart hylki inniheldur 20 mg af vimseltinibi (sem tvíhýdrat).

Hjálparefni með þekkta verkun

Hvert hart hylki inniheldur 173,32 mg af laktósaeinhýdrati, 0,0075 mg af azólitarefninu sólsetursgult FCF (E 110) og 0,0023 mg af tartrasíni (E 102).

ROMVIMZA 30 mg hörð hylki

Hvert hart hylki inniheldur 30 mg af vimseltinibi (sem tvíhýdrat).

Hjálparefni með þekkta verkun

Hvert hart hylki inniheldur 259,98 mg af laktósaeinhýdrati.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Hart hylki.

ROMVIMZA 14 mg hörð hylki

Hylkið er appelsínugul, ógegnsæ hetta/hvítur, ógegnsær botn, hart hylki af stærð 4 (u.þ.b. 14 mm að lengd), áletrað „DCV14“ með svörtu bleki.

ROMVIMZA 20 mg hörð hylki

Hylkið er gul, ógegnsæ hetta/hvítur, ógegnsær botn, hart hylki af stærð 2 (u.þ.b. 18 mm að lengd), áletrað „DCV20“ með svörtu bleki.

ROMVIMZA 30 mg hörð hylki

Hylkið er ljósblá, ógegnsæ hetta/hvítur, ógegnsær botn, hart hylki af stærð 1 (u.þ.b. 19 mm að lengd), áletrað „DCV30“ með svörtu bleki.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

ROMVIMZA er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með risafrumuæxli í sinaslíðri (tenosynovial giant cell tumour (TGCT)) með einkennum, með klínískt marktækri skerðingu á líkamlegri virkni þegar skurðaðgerðir hafa verið fullreynðar eða skurðaðgerð myndi leiða til óásættanlegs sjúkdómsástands eða fötlunar.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknir með reynslu af greiningu og meðferð sjúkdóma sem ROMVIMZA er ætlað við skal hefja meðferðina.

Skammtar

Ráðlagður skammtur

Ráðlagður skammtur af ROMVIMZA er 30 mg, tekinn tvisvar í viku með minnst 72 klst. millibili svo lengi sem ávinningur sést eða þar til eiturrhif verða óviðunandi.

Ef sjúklingur gleymir skammti af ROMVIMZA í minna en 48 klst skal leiðbeina honum að taka skammtinn sem gleymdist eins fljótt og auðið er og halda áfram með venjulega skammtaáætlun. Ef sjúklingur gleymir skammti af ROMVIMZA í meira en 48 klst. skal leiðbeina sjúklingnum að taka ekki taka skammtinn sem gleymdist, en halda áfram með venjulega skammtaáætlun.

Skammtaminnkun

Nauðsynlegt kann að vera að gera hlé á meðferð eða minnka skammta á grundvelli öryggis og þols viðkomandi einstaklings. Ef sjúklingar þola ekki 30 mg skammt af ROMVIMZA skal stöðva meðferð með ROMVIMZA tímabundið. Þegar klínískt ástand sjúklingsins batnar skal gefa minnkaðan skammt af ROMVIMZA eins og lýst er í töflu 1.

Tafla 1: Ráðlögð skammtaminnkun

Skammtaminnkun	Skammtur tvisvar í viku
Fyrsta	20 mg
Önnur	14 mg

Hætta skal ROMVIMZA meðferð hjá sjúklingum sem þola ekki 14 mg skammt af vimseltinibi.

Sérstakir sjúklingshópar

Skert nýrnastarfsemi

Engin skammtaáðlögun er ráðlögð hjá sjúklingum með væga eða miðlungsmikla skerðingu á nýrnastarfsemi (sjá kafla 5.2). Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir hvað varðar sjúklinga með verulega skerta nýrnastarfsemi. Því skal ekki að nota ROMVIMZA hjá þessum sjúklingum (sjá kafla 5.2).

Skert lifrastarfsemi

Engin skammtaáðlögun er ráðlögð hjá sjúklingum með væga skerðingu á lifrastarfsemi (Child-Pugh A). Skammtar sem hafa verið minnkaðir niður í 14 mg tvisvar sinnum í viku hafa ekki verið notaðir fyrir sjúklinga með væga skerðingu á lifrastarfsemi og verkun hefur ekki verið staðfest. Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir hjá sjúklingum með miðlungsmikla eða verulega skerðingu á lifrastarfsemi. Því skal ekki að nota ROMVIMZA hjá þessum sjúklingum (sjá kafla 5.2).

Aldraðir (≥ 65 ára)

Engar skammtaáðlaganir eru nauðsynlegar hjá sjúklingum ≥ 65 ára (sjá kafla 4.8, 5.1 og 5.2).

Líkamsþyngd

Skammtar sem hafa verið minnkaðir niður í 14 mg tvisvar sinnum í viku hafa ekki verið notaðir fyrir sjúklinga með ≥ 115 kg líkamsþyngd og verkun hefur ekki verið staðfest.

Börn

ROMVIMZA skal ekki nota handa börnum á aldrinum frá fæðingu fram að kynþroskaaldri, sem er af öryggisástæðum sem byggjast á forklinískum öryggisupplýsingum (sjá kafla 5.3).

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun ROMVIMZA hjá börnum frá kynþroska til allt að 18 ára aldurs (sjá kafla 5.1). Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

ROMVIMZA er til inntöku, með eða án matar.

Læknar sem ávísa lyfinu skulu segja sjúklingum að gleypa hörðu hylkin í heilu lagi og ekki opna, brjóta eða tyggja þau. Sjúklingar skulu ekki að taka inn hörðu hylkin ef þau eru brotin, á þeim er sprunga eða þau eru sködduð á annan hátt, því hugsanleg áhrif slíkra breytinga hafa ekki verið metin.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1. Meðganga (sjá kafla 4.4 og 4.6).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Langtímaöryggi

Langtímaöryggi ROMVIMZA hefur ekki verið staðfest. ROMVIMZA býr yfir nýjum verkunarhætti með því að hamla viðtaka þyrpingarvaxtarþáttar 1 (colony stimulating factor 1 receptor, CSF1R). Langtímaáhrif af þeirri fækkun stórfrumna sem þetta veldur, sérstaklega í líffærum á borð við lifur, húð, miðtaugakerfi og beinmerg, eru sem stendur óljós.

Háþrýstingur

Meðferð með ROMVIMZA í klínískum rannsóknum var oft tengd hækkun blóðþrýstings.

Kreatínínhækkun

Meðferð með ROMVIMZA í klínískum rannsóknum var oft tengd kreatínínhækkun. Undirliggjandi ástæða er sem stendur óþekkt.

Eiturhrif á fósturvísa og fóstur

Samkvæmt upplýsingum úr dýrarannsóknum getur vimseltinib valdið fósturskaða þegar það er gefið þunguðum konum (sjá kafla 4.6 og 5.3). Ráðleggja skal konum að forðast þungun á meðan þær taka vimseltinib. Upplýsa skal þungaðar konur um hugsanlega áhættu fyrir fóstrið. Konur sem geta orðið þungaðar verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með vimseltinibi stendur og í 30 daga eftir lokaskammtinn. Áhrif vimseltinibs á hormónagetnaðarvarnir hafa ekki verið rannsökuð. Ef hormónagetnaðarvarnir eru notaðar skal einnig nota hindrandi getnaðarvörn.

Kláði

Tilkynnt hefur verið um kláða hjá sjúklingum sem fá vimseltinib. Tilkynnt var um kláða hjá 27% sjúklinga í sameinaða öryggisþýðinu (sjá kafla 4.8). Einnig hefur verið tilkynnt um kláða eftir staka skammta af vimseltinibi hjá heilbrigðum þátttakendum. Gera gæti þurft hlé á skömmtum eða minnka skammta í samræmi við öryggi og þol hvers og eins sjúklings (sjá kafla 4.2).

Hækkuð gildi ensíma í sermi

Vimseltinib hefur verið tengt við hækkuð gildi ensíma í sermi, þ. á m. aspartatamínótransferasa (ASAT), alanínámínótranserasa (ALAT), alkalínfosfatasa og kreatínkínasa (CPK). Þrátt fyrir að þessar hækkanir hafi sem stendur ekki leitt til nokkurra tilfella lifrarskaða eða rákvöðvalýsu í klínískum rannsóknum er slíkt ekki útilokað þar sem reynsla af þessum mjög sjaldgæfa klíniska ástandi er mjög takmörkuð. Því skal forðast meðferð með ROMVIMZA hjá sjúklingum sem fyrir eru með hækkuð gildi transamínasa í sermi, heildargallrauða eða beinar hækkanir á gallrauða, eða virkan lifrar- eða gallvegssjúkdóm.

Hafa skal eftirlit með lifrarstarfsemi sjúklinga áður en meðferð með ROMVIMZA er hafin, einu sinni á mánuði fyrstu tvo mánuðina, á þriggja mánaða fresti fyrsta meðferðarárið og samkvæmt klínískum ábendingum þar á eftir.

Hjálparefni með þekkta verkun

Laktósi

ROMVIMZA inniheldur laktósa. Sjúklingar með arfgengt galaktósaóþol, algjöran laktasaskort eða glúkósa-galaktósa vanfrásog, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið..

Sólsetursgult FCF (E 110)

ROMVIMZA 14 mg og 20 mg hörð hylki innihalda litarefnið sólsetursgult FCF (E 110), sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

Tartrasín (E 102)

ROMVIMZA 20 mg hörð hylki innihalda tartrasín (E 102), sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Áhrif annarra lyfja á vimseltinib

P-glýkóprótein (P-gp) hemlar

Samhliða gjöf staks skamms af vimseltinibi og 200 mg af ítrakónazóli (P-gp hemill) einu sinni á dag leiddi í ljós að hámarksútsetning (C_{max}) vimseltinibs var sambærileg við það þegar lyfið var gefið eitt sér og reyndist heildarútsetning vimseltinibs (AUC_{0-t} og AUC_{0-inf}) u.þ.b. 17% til 22% meiri samhliða ítrakónazóli. Engin þörf er á aðlögun skammta.

Prótónpumpuhemlar

Samhliða gjöf vimseltinibs og rabeprazóls (prótónpumpuhemils) 20 mg einu sinni á dag á fastandi maga minnkaði C_{max} og AUC_{0-t} og AUC_{0-inf} vimseltinibs um u.þ.b. 21% til 26%, sem er ekki klínískt marktækt. Engin þörf er á aðlögun skammta.

Áhrif vimseltinibs á önnur lyf

Hvarfefni viðnámspróteina brjóstakrabbameins (breast cancer resistance protein, BCRP)

Vimseltinib er hemill á BCRP *in vitro*. Samhliða notkun vimseltinibs og BCRP hvarfefna (t.d. rósuvastatíns) kann að auka þéttni BCRP hvarfefna og auka hættuna á aukaverkunum sem tengjast þessum hvarfefnum. Klínískar rannsóknir með BCRP hvarfefnum hafa ekki verið gerðar.

Forðast skal samhliða notkun BCRP hvarfefna. Sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir viðkomandi BCRP hvarfefni hvað varðar skammtabreytingar ef ekki er hægt að komast hjá samhliða notkun.

Hvarfefni flutningspróteina lífrænna katjóna-2 (organic cation transporter 2, OCT2)

Vimseltinib er hemill á OCT2 *in vitro*. Samhliða notkun vimseltinibs og OCT2 hvarfefna (t.d. metformíns) kann að auka þéttni OCT2 hvarfefna og auka hættuna á aukaverkunum sem tengjast þessum hvarfefnum. Klínískar rannsóknir með OCT2 hvarfefnum hafa ekki verið gerðar.

Forðast skal samhliða notkun OCT2 hvarfefna. Sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir viðkomandi OCT2 hvarfefni hvað varðar skammtabreytingar ef ekki er hægt að komast hjá samhliða notkun.

P-gp hvarfefni

Vimseltinib er hemill á P-gp *in vitro*. Samhliða notkun vimseltinibs og P-gp-hvarfefna (t.d. digoxín, dabigatran) kann að auka þéttni P-gp-hvarefna og auka hættuna á aukaverkunum sem tengjast þessum hvarfefnum. Klínískar rannsóknir með P-gp-hvarfefnum hafa ekki verið gerðar.

Forðast skal samhliða notkun P-gp-hvarfefna. Sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir viðkomandi P-gp-hvarfefni hvað varðar skammtabreytingar ef ekki er hægt að komast hjá samhliða notkun.

Áhrif vimseltinibs á önnur efni

Hormónagetnaðarvarnir

Ekki er vitað hvort vimseltinib geti dregið úr virkni altækra hormónagetnaðarvarna og því skulu konur sem nota altækar getnaðarvarnir að bæta við hindrandi getnaðarvörn.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Konur sem geta orðið þungaðar/getnaðarvarnir hjá konum

Konur sem geta orðið þungaðar verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með vimseltinibi stendur og í 30 daga eftir lokaskammtinn. Staðfesta verður hvort konur sem geta orðið þungaðar eru þungaðar áður en meðferð með vimseltinibi er hafin og meðan á meðferð stendur.

Áhrif vimseltinibs á hormónagetnaðarvarnir hafa ekki verið rannsökuð. Því skal einnig nota hindrandi getnaðarvörn ef hormónagetnaðarvarnir eru notaðar.

Meðganga

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun vimseltinibs hjá þunguðum konum. Samkvæmt niðurstöðum dýrarannsóknna kann vimseltinib að valda fósturskaða ef það er gefið þunguðum konum (sjá kafla 4.4 og 5.3). Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturvekanir á æxlun (frávik í formgerð fóstura og vanskapanir á hjarta, sjá kafla 5.3). Ekki má nota vimseltinib hjá þunguðum konum (sjá kafla 4.3).

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort vimseltinib skilst út í brjóstamjólk. Ekki er hægt að útiloka hættu fyrir börn sem eru á brjósti. Konur skulu ekki hafa barn á brjósti meðan á meðferð með vimseltinibi stendur.

Frjósemi

Niðurstöður úr dýrarannsóknum gefa til kynna að ROMVIMZA geti skert frjósemi karla (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

ROMVIMZA hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Þreyta eða þokusýn getur komið fram eftir gjöf ROMVIMZA (sjá kafla 4.8).

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Öryggisupplýsingar um ROMVIMZA byggjast á samandregnum gögnum um 184 sjúklinga með risafrumuæxli í sinaslíðri (TGCT) sem fengu ROMVIMZA með 30 mg skammti tvisvar í viku í 2 klínískum rannsóknum. MOTION-rannsóknin, 3. stigs, tvíblind, fjölsetra, slembiröðuð (2:1)

rannsókn með samanburði við lyfleysu, tók til 122 fullorðinna sjúklinga sem fengu vimseltinib (n = 83) eða lyfleysu (n = 39) á tvíblinda tímabilinu; 35 sjúklingar skiptu frá lyfleysu yfir á vimseltinib á opna tímabilinu. 1./2. stigs rannsóknin DCC 3014 01 001 tók til alls 66 sjúklinga með risafrumuæxli í sinaslíðri (TGCT) sem fengu vimseltinib með 30 mg skammti tvisvar í viku.

Miðgildi meðferðarlengdar hjá öryggisþýðinu sem gögnum var safnað um var 13 mánuðir. Miðgildi aldurs sjúklinganna sem fengu vimseltinib var 44 ár (á bilinu 20 til 78 ár) og voru 60% þýðisins konur og 72% þess af hvíta kynstofninum.

Algengustu aukaverkanir sem komu fram voru aukinn aspartatamínótransferasi (ASAT) (92%), bjúgur í kringum augu (periorbital) (63%), aukið kólesteról (53%), útbrot (51%), aukið kreatínín (43%), fækkun daufkyrninga (36%), þreyta (30%), andlitsbjúgur (28%), aukinn alanínamínótransferasi (ALAT) (27%), kláði (27%), bjúgur í útlimum (22%) og háþrýstingur (21%).

Aukaverkanir á stigi 3/4 voru háþrýstingur (9%), útbrot (3%), kláði (3%), fækkun daufkyrninga (3%), bjúgur í kringum augu (2%), þreyta (2%), hækkað kólesteról (1%), taugakvilli (0,5%), andlitsbjúgur (0,5%), útbreiddur bjúgur (0,5%) og aukinn ASAT (0,5%). Alvarlegar aukaverkanir voru bjúgur í útlimum (0,5%) og aukinn kreatínín (0,5%).

Hjá 7% sjúklinga var meðferð hætt varanlega vegna aukaverkunar. Algengustu aukaverkanir sem leiddu til varanlegrar stöðvunar meðferðar voru útbrot (3%), bjúgur í kringum augu (2%), taugakvilli (1%) og kláði (1%).

Hjá 59% sjúklinga var skammtur minnkaður eða hlé gert á meðferð vegna aukaverkunar. Algengustu aukaverkanir sem leiddu til skammtaminnkunar eða meðferðarhlés voru útbrot (21%), bjúgur í kringum augu (18%), aukinn kreatínín (17%), kláði (10%), andlitsbjúgur (7%), útbreiddur bjúgur (7%), þreyta (6%) og bjúgur í útlimum (5%).

Tafla yfir aukaverkanir

Aukaverkanirnar eru taldar upp hér fyrir neðan eftir líffæraflokkum og tíðniflokkum, sem eru skilgreindir sem: mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum). Innan hvers tíðniflokks eru aukaverkanirnar skráðar í röð eftir alvarleika þar sem alvarlegasta aukaverkunin er skráð fyrst.

Tafla 2: Aukaverkanir sem komu fram í MOTION og DCC-3014-01-001 rannsóknunum

Flokkun eftir líffærum	Tíðniflokkur	Aukaverkun
Taugakerfi	Mjög algengar	Taugakvilli ¹
Augu	Mjög algengar	Bjúgur í kringum augu ² , aukin táraseyting
	Algengar	Augnþurrkur, þokusýn
Æðar	Mjög algengar	Háþrýstingur
Húð og undirhúð	Mjög algengar	Útbrot ³ , kláði, þurr húð
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Mjög algengar	Bjúgur í útlimum, þreyta, andlitsbjúgur, útbreiddur bjúgur
Rannsóknaniðurstöður⁴	Mjög algengar	Aukinn kreatínín í blóði ⁵ , aukinn aspartatamínótransferasi, hækkað kólesteról í blóði, hækkað kreatínín í blóði, fækkun daufkyrninga, aukinn alanínamínótransferasi, aukinn alkalískur fosfatasí

¹ Til taugakvilla teljast úttaugakvillar, náladofi, snertiskynsminnkun, útlægur skyntaugakvilli.

² Til bjúgs í kringum augu teljast augnbjúgur, augnlokabjúgur, bólga í augnloki, bjúgur í kringum augu, þrútnun í kringum augu.

³ Til útbrot teljast útbrot, húðroðaútbrot, dröfnútbrot, dröfnuörðuútbrot, örðuútbrot, kláðaútbrot, örtuleg húðbólga, roðarbot.

⁴ Hugtök byggð á rannsóknaniðurstöðum.

⁵ Tíðniflokkur aukins kreatínkínasa í blóði byggist eingöngu á rannsóknaniðurstöðum úr DCC-3014-01-001.

Lýsing á völdum aukaverkunum

Kreatínkínasi

Í samræmi við verkunarháttinn var greint frá auknum kreatínkínasa í MOTION-rannsókninni hjá sjúklingum sem fengu vimseltinib. Tíðni aukins kreatínkínasa er ekki hægt að ákvarða út frá MOTION-rannsókninni vegna þess að kreatínkínasi var ekki metinn í upphafi hennar. Í 1./2. stigs rannsókninni, sem tók til 66 sjúklinga sem fengu vimseltinib 30 mg tvisvar í viku, kom fram aukinn kreatínkínasi hjá öllum sjúklingum.

Aðrir sérstakir hópar

Aldraðir

Enginn heildarmunur á öryggi kom fram milli sjúklinga sem voru ≥ 65 ára og sjúklinga sem voru < 65 ára.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Leiki grunur á ofskömmtnun samanstendur meðferðin af eftirliti og almennum stuðningsaðgerðum sem gripið er til eftir þörfum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Æxlishefjandi lyf, aðrir próteínkínasahemlar, ATC-flokkur: L01EX29

Verkunarháttur

Vimseltinib er sértækur týrósin-kínasahemill úr smásameindum sem beinist gegn viðtaka þyrpingarvaxtarþáttar 1 (colony stimulating factor 1 receptor eða CSF1R). CSF1/CSF1R boðsendingaleiðin gegnir mikilvægu hlutverki í framgangi TGCT. *In vitro* ensím- og frumugreiningar hafa sýnt fram á að vimseltinib hamlaði sjálfvirkri fosfórun CSF1R og boðsendingum sem framkallaðar eru með bindingu CSF1 bindils, sem og frumuvirkni og fjölgun frumna sem tjá CSF1R. Vimseltinib hamlaði einnig frumum sem tjá CSF1R og hindraði eftirfylgjandi boðferla (downstream signalling) í forkínískum líkönum *in vivo*.

Vimseltinib hefur æxlishefjandi áhrif með fækkun CSF1R-háðra stórátfrumna og bólgufrumna.

Fækkun Kupffer-frumna í lifur vegna CSF1R-hömlunar leiðir til minnkaðrar úthreinsunar ensíma í sermi, þ.m.t. ASAT, ALAT og kreatínkínasa. Þetta leiðir til aukinnar þéttni þessara ensíma í sermi.

Lyfhrif

Samband milli útsetningar og svörunar

Jákvætt samband milli útsetningar og svörunar kom fram milli útsetningar fyrir vimseltinibi og allra stiga bjúgs, kláða, útbrot og hækkunar ASAT, ALAT, kreatínínasa og kreatíníns.

Verkun

Í MOTION-rannsókninni, 3. stigs, tvíblindri, fjölsetra, slembiraðaðri (2:1) rannsókn með samanburði við lyfleysu, var lagt mat á verkun og öryggi vimseltinibs hjá sjúklingum með risafrumuæxli í sinaslíðri (TGCT) með einkennum með að minnsta kosti miðlungsmikinn verk eða að minnsta kosti miðlungsmikinn stífleika þar sem talið var að brotnám með skurðaðgerð kynni að valda versnandi takmörkunum á virkni eða alvarlegu sjúkdómsástandi. Sjúklingar sem uppfylltu þátttökuskilyrðin voru með staðfesta greiningu á risafrumuæxli í sinaslíðri (TGCT), með mælanlegan sjúkdóm samkvæmt matsskilyrðum Response Evaluation Criteria in Solid Tumours (RECIST, útg. 1.1) og a.m.k. eina meinsemd sem var að lágmarki 2 cm. Sjúklingum var slembiraðað á lyfleysu eða vimseltinib 30 mg tvisvar í viku í 24 vikur. Í viku 25 uppfylltu þeir sjúklingar sem höfðu lokið tvíblindu, slembiraðaða hluta rannsóknarinnar skilyrðin til að fara í áframhaldandi, opna framhaldsrannsókn þar sem allir sjúklingar fengu vimseltinib.

Alls var 123 sjúklingum slembiraðað: 40 sjúklingum var slembiraðað á lyfleysu og 83 var slembiraðað á vimseltinib á tvíblindu tímabili rannsóknarinnar. Miðgildi aldurs var 44 ár (á bilinu 20 til 78 ár og voru 7% sjúklinga ≥ 65 ára); 59% sjúklinga voru konur; 65% voru hvítir.

Verkun var staðfest á grundvelli heildarsvörunarhlutfalls, sem var metið með blindaðri, óháðri myndgreiningu (independent radiological review (IRR)) samkvæmt RECIST, útg. 1.1, í viku 25. Á meðal aukaendapunkta verkunar sem mældir voru í viku 25 voru heildarsvörunarhlutfall á grundvelli æxlisrúmmálsskors (tumour volume score (TVS), sem var skilgreint sem áætlað rúmmál viðkomandi liðhols eða sinaslíðurs við mestu útpenslu, mælt í 10% þrepum), virkt hreyfisvið liðsins sem um ræddi og sjálfsmat sjúklinganna á útkomunni. Allir verkunarendapunktur náðu því að vera tölfræðilega marktækir í MOTION-rannsókninni.

Heildarsvörunarhlutfall

Tölfræðilega marktæk framför á heildarsvörunarhlutfalli kom fram hjá sjúklingum sem slembiraðað var á vimseltinib samanborið við lyfleysu samkvæmt mati með RECIST, útg. 1.1, og æxlisrúmmálsskors (TVS) á grundvelli óháðrar myndgreiningar (IRR). Niðurstöður um heildarsvörunarhlutfall úr klínísku MOTION-rannsókninni eru teknar saman í töflu 3.

Aðrir lykilaukaendapunktur

Virkt hreyfisvið

Virkt hreyfisvið (active range of motion eða ROM) var metið með hornmæli til að ákvarða meðalbreytingu frá upphafi miðað við tiltekið viðmið, í viku 25. Mælingar á virku hreyfisviði sýndu klínískt mikilvægan og tölfræðilega marktækan bata í viku 25 og eru sýndar í töflu 3.

Sjálfsmat sjúklinga á útkomu

Á meðal viðbótarmælikvarða á verkun sem metnir voru í viku 25 voru líkamleg virkni (metin með sjálfsmatslistanum Patient Reported Outcomes Measurement Information System Physical Function [PROMIS-PF]), versti stífleiki (metinn með kvarðanum Worst Stiffness Numeric Rating Scale [NRS]), lífsgæði (metin með kvarðanum EuroQol Visual Analogue Scale [EQ-VAS]) og svörun hvað varðar verstu verki (metin með stuttu verkjaskránni Brief Pain Inventory [BPI]). Niðurstöður sjálfsmats sjúklinga sýndu klínískt mikilvægan og tölfræðilega marktækan bata í viku 25 fyrir öll viðmið um verkun og eru sýndar í töflu 3.

Tafla 3: Verkunarniðurstöður metnar í viku 25

Viðmið um verkun	Vimseltinib N = 83	Lyfleysa N = 40
Aðalendapunktur		
Heildartíðni svörunar á grundvelli RECIST, útg. 1.1		
Meðaltal (SD) upphafsgilda, summa lengstu þvermála, mm	69,1 (42,6)	64,5 (30,8)
Heildarsvörunarhlutfall (95% CI)	40% (29%; 51%)	0% (0%; 9%)
Full svörun	5%	0%
Svörun að hluta til	35%	0%
p-gildi	< 0,0001	
Miðgildi tímalengdar svörunar (bil), mánuðir ^{1,2}	NE (2,5+; 30,9+)	N/A
Lykilaukaendapunktur		
Heildartíðni svörunar út frá æxlisrúmmálsskori³		
Meðaltal (SD) upphafsgilda æxlisrúmmálsskors	10,4 (14,2)	12,8 (17,7)
Heildarsvörunarhlutfall (95% CI)	67% (56%; 77%)	0% (0%; 9%)
p-gildi	< 0,0001	
Miðgildi tímalengdar svörunar (bil), mánuðir ^{1,2}	NE (2,5+; 33,1+)	N/A
Virkt hreyfisvið (ROM)⁴		
Meðaltal (SD) upphafsgilda virks hreyfisviðs, % stiga ⁵	63,0 (29,4)	62,9 (32,2)
Meðalbreyting minnstu kvaðrata (LS) frá upphafsgildum virks hreyfisviðs (95% CI) ⁵	18,4 (5,6; 31,2)	3,8 (-10,5; 18,0)
Mismunur á meðaltali minnstu kvaðrata (95% CI)	14,6 (4,0; 25,3)	
p-gildi	0,0077	
PROMIS-PF		
Meðaltal (SD) upphafsgilda PROMIS-PF ⁵	39,0 (6,1)	38,5 (6,0)
Meðalbreyting minnstu kvaðrata (LS) frá upphafsgildum PROMIS-PF (95% CI) ⁵	4,6 (2,7; 6,5)	1,3 (-0,5; 3,0)
Mismunur á meðaltali minnstu kvaðrata (95% CI)	3,3 (1,4; 5,2)	
p-gildi	0,0007	
Versti stífleiki NRS		
Meðaltal (SD) upphafsgilda versta stífleika NRS ⁵	5,1 (2,0)	5,2 (1,8)
Meðalbreyting minnstu kvaðrata (LS) frá upphafsgildum versta stífleika NRS (95% CI) ⁵	-2,1 (-2,5; -1,6)	-0,3 (-0,8; 0,3)
Mismunur á meðaltali minnstu kvaðrata (95% CI)	-1,8 (-2,5; -1,1)	
p-gildi	< 0,0001	
EQ-VAS		
Meðaltal (SD) upphafsgilda EQ-VAS ⁵	61,4 (19,5)	60,2 (20,6)
Meðalbreyting minnstu kvaðrata (LS) frá upphafsgildum EQ-VAS (95% CI) ⁵	13,5 (8,9; 18,2)	6,1 (0,5; 11,8)
Mismunur á meðaltali minnstu kvaðrata (95% CI)	7,4 (1,4; 13,4)	
p-gildi	0,0155	
BPI-30 svörun⁶		
Svörunartíðni (95% CI)	48,2% (37,1%; 59,4%)	22,5% (10,8%; 38,5%)
Mismunur á svörunartíðni (95% CI) ⁷	26,2% (9,5%; 42,8%)	
p-gildi	0,0056	

NE = Náðist ekki; N/A = Á ekki við; BPI = stuttur spurningalisti um verki (Brief Pain Inventory); CI = öryggisbil; LS = minnstu kvaðröt; N = stærð sýnis; PROMIS-PF = sjálfsmatslistinn Patient-Reported Outcomes Measurement Information System-Physical Function; ROM = hreyfisvið; SD = staðalfrávik.

¹ Miðgildi tímalengdar svörunar var metið með Kaplan-Meier aðferðinni. „+“ gefur til kynna að svörun sjúklingsins hafi verið viðvarandi við síðasta mat á lokadegi gagna. Niðurstöður um tímalengd svörunar byggjast á 18 mánaða eftirfylgni til viðbótar frá þeim tíma sem greining heildarsvörunarhlutfalls fór fram.

² Lokadagur gagna: 22. febrúar 2025.

³ TVS (æxlisrúmmálsskor) var skilgreint sem áætlað rúmmál viðkomandi liðhols eða sinaslíðurs við mestu útþenslu, mælt í 10% þrepum.

⁴ Virkt hreyfisvið var metið með hornmæli og staðlað með viðmiði.

⁵ Meðalbreyting frá upphafsgildi var metin með blönduðu líkani endurtekinna mælinga (mixed model of repeated measures, MMRM) fyrir hvern samsvarandi endapunkt. Meðaltöl upphafsgilda taka til allra þátttakenda, en ekki aðeins þeirra sem gögn um upphafsgildi og viku 25 eru til um.

⁶ BPI (Brief Pain Inventor)-svörun hvað varðar verstu verki er skilgreind sem a.m.k. 30% bati á meðalskori verstu verkja á tölulegum verkjakvarða (NRS) án 30% eða meiri aukningar á notkun sterkra verkjalyfja við viku 25.

⁷ 95% CI fyrir mismun svörunarhlutfalls á grundvelli lagskiptu Mantel-Haenszel aðferðarinnar.

Í lýsandi greiningu sem var gerð í viku 97 í opnum fasa rannsóknarinnar fengu 19 af 83 sjúklingum sem slembiraðað var á vimseltinib (23%) fulla svörun sem bestu heildarsvörun samkvæmt RECIST v1.1 með blindaðri óháðri myndgreiningu og var meðaltími til fullrar svörunar 11,5 mánuðir.

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á ROMVIMZA hjá öllum undirhópum barna í meðferð við risafrumuæxli í sinaslíðri (tenosynovial giant cell tumour (TGCT)) (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Vimseltinib nær hámarksplasmaþéttni 1 klst. að miðgildi eftir inntöku staks 30 mg skammts af vimseltinibi á fastandi maga. Lyfjahvarfabreytur vimseltinibs, áætlaðar með þýðisgreiningarlíkani fyrir lyfjahvörf og gefnar upp sem margfeldismeðaltal (fráviksstuðull [%]; CV%), voru ákvarðaðar eftir inntöku staks 30 mg skammts eða við jafnvægi eftir töku margra 30 mg skammta tvisvar á viku hjá sjúklingum með risafrumuæxli í sinaslíðri. C_{max} vimseltinibs er 283 ng/ml (36%) eða 747 ng/ml (39%) eftir stakan 30 mg skammt eða við jafnvægi, í þeirri röð, AUC_{0-inf} er 46.9 $\mu g \cdot klst./ml$ (45%) eftir stakan skammt og $AUC_{0-24 h}$ er 13,4 $\mu g \cdot h/ml$ (45%) við jafnvægi. Plasmaþéttni við jafnvægi var svipuð hjá sjúklingum og heilbrigðum sjálfboðaliðum og náðist eftir u.þ.b. 5 vikur með uppsöfnunarhlutfallinu 2,6.

Enginn klínískt marktækur munur á lyfjahvörfum vimseltinibs kom fram eftir gjöf fituríkrar máltíðar samanborið við á fastandi maga.

Dreifing

Margfeldismeðaltal (CV%) dreifingarrúmmáls (V_z/F) vimseltinibs er 90 l (16%). Vimseltinib er 96,5% bundið plasmapróteinum manna *in vitro*.

Umbrot

Engin meiri háttar umbrotsefni vimseltinibs eru í blóðrás. Helstu umbrotaferli voru oxun, *N*-afmetýling og *N*-alkýlsvipting; á meðal annarra umbrotaleiða voru *N*-afmetýling, vetnissvipting og oxun.

Ekki er gert ráð fyrir að CYP-ensím gegni stóru hlutverki í umbroti vimseltinibs.

Brotthvarf

Margfeldismeðaltal (CV% margfeldismeðaltals) úthreinsunar vimseltinibs eftir inntöku (CL/F) er 0,5 l/klst. (23%) með u.þ.b. 6 daga helmingunartíma brotthvarfs eftir stakan skammt.

Um 43% af skammtinum endurheimtust í saur (9,1% óbreytt) og 38% í þvagi (5,1% óbreytt) eftir stakan geislamerktan skammt til inntöku.

Hlutfallsleg samsvörun milli skammta og lyfjahvarfa

Lyfjahvörf vimseltinibs eru í réttu hlutfalli við skammta.

Sérstakir sjúklingahópar

Enginn munur á lyfjahvörfum vimseltinibs sem hefur klínískt vægi kom fram á grundvelli aldurs (20 til 91 árs), kyns, kynþáttar (asískir, svartir eða Bandaríkjamenn af afrískum uppruna, hvítir) og líkamsþyngdar (43 til 150 kg).

Skert nýrnastarfsemi

Á grundvelli þýðisgreiningar á lyfjahvörfum kom ekki fram marktækur munur á lyfjahvörfum vimseltinibs hjá einstaklingum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi ($eGFR \geq 60$ ml/mín.) miðað við einstaklinga með eðlilega nýrnastarfsemi. Byggt á takmörkuðum gögnum áætlaði þýðisgreining á lyfjahvörfum 8% og 27% hærra $C_{max,ss}$ og $C_{avg,ss}$ hjá sjúklingum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi, í þeirri röð, en þessi aukna útsetning er ekki talin hafa klínískt vægi. Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir hvað varðar sjúklinga með verulega skerta nýrnastarfsemi.

Skert lifrarstarfsemi

Hjá einstaklingum með vægt skerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh A) var AUC_{inf} 24% lægra og C_{max} 41,5% lægra en hjá þöruðum heilbrigðum þátttakendum. Þessi minnkaða útsetning er ekki talin hafa klínískt vægi. Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfjahvörfum og lyfjahvarfa-/lyfhrifagreiningarlíkönunum er áætlað að skammtaminnkun niður í 14 mg tvisvar sinnum í viku hjá sjúklingum með miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi geti leitt til skertrar svörunar. Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir. Áhrif miðlungsmikillar til verulegrar skerðingar á lifrarstarfsemi (Child-Pugh B og C) á lyfjahvörf vimseltinibs eru ekki þekkt.

Líkamsþyngd

Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfjahvörfum og lyfjahvarfa-/lyfhrifagreiningarlíkönunum er áætlað að skammtaminnkun niður í 14 mg tvisvar sinnum í viku hjá sjúklingum með ≥ 115 kg líkamsþyngd geti leitt til skertrar svörunar. Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir.

In vitro niðurstöður í tengslum við umbrot

In vitro gögn um lifrarfrumur manna sýndu að vimseltinib olli $> 50\%$ þéttniháðri minnkun CYP1A2 mRNA-tjáningar, sem bendir til fyrirbæris stýrðrar fækkunar (down-regulation phenomenon). Klínískt vægi þessarar niðurstöðu er sem stendur óþekkt.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Krabbameinsvaldandi áhrif

Vimseltinib var ekki krabbameinsvaldandi í 6 mánaða rannsókn með inntöku á krabbameinsvaldandi verkun hjá erfðabreyttum músunum við altæka útsetningu sem var allt að 7,6-föld útsetning fyrir vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC.

Í 2 ára rannsókn með inntöku á krabbameinsvaldandi verkun hjá rottum voru 2 af 60 karlkyns rottum sem fengu háa skammta greindar með vefjafræðilega ólík sarkmein í liðslímu hnéliðar við útsetningu sem var u.þ.b. < 1 og 1,4-faldur (óbundið lyfið og í heild, í sömu röð) ráðlagður skammtur fyrir menn samkvæmt AUC. Bæði voru flokkuð sem sarkmein án frekari flokkunar. Vægi þessarar niðurstöðu

fyrir menn er óþekkt en að teknu tilliti til allra klínískra og forklínískra gagna sem liggja fyrir er krabbameinshætta eftir gjöf vimseltinibs talin vera lítil.

Eiturverkanir á æxlun og þroska

Eiturhrif af vimseltinibi komu fram í rannsókn á frjósemi og þroska fósturvísa snemma á meðgöngu hjá kvenkyns rottum við u.þ.b. 1,6-falda útsetningu fyrir óbundnu vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC. Fanglát eftir hreiðrun og aukin legþyngd komu fram við u.þ.b. 6-falda óbundna útsetningu vimseltinibs við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC. Engin meðferðartengd áhrif komu fram í tölum fyrir mökun frjósemi eða meðgöngu, né á tímgunarhring, óháð skammti sem var prófaður. Karlkyns rottur voru með minni þyngd eistalyppa og eistna við u.þ.b. 3,6-falda útsetningu fyrir óbundnu vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC og engin meðferðartengd áhrif komu fram á breytur fyrir mökun, frjósemi eða sæðisbreytur, óháð skammti sem var prófaður.

Gjöf vimseltinibs hjá rottum leiddi til afbrigðileika fóstura í hjarta- og æðakerfi (vanskapana) og beinakerfi (frávik), auk annarra vísbendinga um eiturhrif á þroska, við útsetningu hjá móður sem var u.þ.b. 7- og 0,9-föld útsetning fyrir óbundnu vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC.

Í rannsókninni á eiturhrifum á þroska fyrir og eftir fæðingu kom fram mæðradauði, missir allra afkvæma í goti, minnkuð líkamsþyngd fóstura og styttri meðallifun unga við u.þ.b. 1,7-falda útsetningu fyrir óbundnu vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC. Einnig var tilkynnt um missi allra afkvæma í gotu í hópum sem fengu meðhöndlun með skömmum sem samsvara útsetningu fyrir óbundnu vimseltinibi sem er lægri en ráðlagður skammtur fyrir menn.

Í 26 vikna rannsókn á eiturhrifum með endurteknum skömmum sýndu karlkyns rottur í bata sem fengu 2,5 eða 5 mg/kg/dag væga til markverða minnkun á sæði og markverða eistarýrnun (1 af 5 og 2 af 5 dýrum, í sömu röð), sem samsvarar u.þ.b. 1,8- og 3,6-faldri útsetningu fyrir óbundnu vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC, í sömu röð. Í 39-vikna rannsókn á eiturhrifum með endurteknum skömmum sást mjög lítil til væg steinefnauðfelling í eistalyppu hjá karlkyns hundum sem fengu ≥ 4 mg/kg/dag, sem samsvarar lægri útsetningu en útsetningu við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC.

Eiturhrif eftir endurtekna skammta

Í rannsóknum á eiturhrifum eftir endurtekna skammta, sem stóðu í allt að 26 vikur, hjá rottum komu fram bólgin höfuð og/eða útlímur og óeðlilegar tennur við skammtinn 1 mg/kg/dag (u.þ.b. 0,96-föld útsetning fyrir óbundnu vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC). Áhrif á tennur við skammtinn 5 mg/kg/dag hjá karlkyns rottum tengdust minni fæðuneyslu og minni líkamsþyngd. Langvinnur ágengur nýrnakvilli kom fram hjá dýrum sem fengu $\geq 2,5$ mg/kg/dag (u.þ.b. $\geq 1,8$ -föld útsetning fyrir óbundnu vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC). Hrörnun æða í ýmsum vefjum og aukin þykkt vaxtarlínu (physis) kom fram hjá rottum sem fengu 5 mg/kg/dag (u.þ.b. 4-föld útsetning fyrir óbundnu vimseltinibi við ráðlagðan skammt fyrir menn á grundvelli AUC).

Lítill endurheimt heildargeislavirkni í massajafnvægisrannsóknum og hægt brotthvarf vimseltinibs eru merki um hugsanlega uppsöfnun í vef. Í rannsókn á dreifingu hjá rottum sást löng varðveisla vimseltinibs í æðahjúp, auga/augum, glervökva og heila- og mænuhimnu vegna melanínbindingar. Engin áhrif sáust á miðtaugakerfið hjá hundum upp að hæsta prófaða skammti, 8 mg/kg, sem samsvarar útsetningu undir áætlaðri klínískri útsetningu við ráðlagðan skammt fyrir menn. Klínískt vægi hugsanlegrar uppsöfnunar vimseltinib í heila- og mænuhimnu er því enn óþekkt. Tímabundin bólga umhverfis auga og tárarennslí sem sást hjá hundum við 8 mg/kg við útsetningu undir áætlaðri útsetningu manna gæti verið tengt lengri varðveislu vimseltinibs í augnvefjum.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Innihald hylkis

Laktósaeinhýdrat

Krospóvídón (E 1202)

Magnesiumsterat (E 470b)

Hylkisskel

Gelatín

Títantvíoxíð (E 171)

Skærblátt FCF (E 133) –30 mg hart hylki

Erýtrósín (E 127) –30 mg hart hylki

Sólsetursgult FCF (E 110) – 14 mg og 20 mg hart hylki

Tartrasín (E 102) – 20 mg hart hylki

Prentblek

Gljálakk (E 904)

Própýlenglýkól (E 1520)

Kalíumhýdroxíð (E 525)

Svart járnnoxíð (E 172)

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

3 ár

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði.. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

6.5 Gerð íláts og innihald

OPA-/ál-/PVC-þynnupakkning með álfilmu sem þrýst er í gegnum, í barnheldu pappaveski sem inniheldur 8 hörð hylki.

Ein askja inniheldur eitt veski.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

